



Nefndarálit forsætisnefndar um

þingmannatillögu um umbótastarfið og fjárhagsáætlunarferlið

Tillaga

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar í tilefni þingmannatillögunnar A 1654/præsídiet.

Forsaga

Flokkahópur hægrimanna kynnti þingmannatillögu um umbótastarfið og fjárhagsáætlunarferlið á fundi forsætisnefndar 30. nóvember 2015. Forsætisnefndin ákvað að fela talsmönnum flokkahópanna um fjárhagsáætlunina að undirbúa tillöguna enda fjallar hún að miklu leyti um forgangsröðun í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Tillagan var svohljóðandi:

Flokkahópur hægrimanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún eigi frumkvæði að gagngjerri úttekt á öllum norrænum stofnunum og íhugi jafnframt framhald stofnana sem þjóna ekki lengur tilgangi sínum;
- að hún eigi frumkvæði að gagnrýnni endurskoðun á verkefnum;
- að hún eigi frumkvæði að því hvernig taka megi mið af dreifræðisreglunni í norrænu samstarfi.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina ræddu tillögurnar á fundi sínum 18. apríl 2016. Á fundinum kom fram að eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs sinnir ýmsum verkefnum sem tillöguliðirnir fjalla um.

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs hefur á undanförunum árum heimsótt allar norrænu stofnanirnar þrettán og sumar oftár en einu sinni. Jafnframt er

það fastur liður í starfi eftirlitsnefndar að fara yfir allar ársskýrslur stofnananna.

Á árunum 2014/2015 lét eftirlitsnefndin vinna skýrslu um verkefna-
starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Í skýrslunni er að finna ýmsa
gagnrýni sem Norræna ráðherranefndin er að bregðast við en einnig
eftirlitsnefndin þar sem málið er fastur liður á dagskrá.

Jafnframt var bent á að allar þingmannatillögur í Norðurlandaráði eiga að
fela í sér norrænt notagildi eins og þriðji liður tillögunnar ber vott um.
Skrifstofan metur tillögur sem berast út frá leiðbeiningum um gerð
þingmannatillagna.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin vísaði í skýrslur eftirlitsnefndar um heimsóknir á allar
norrænu stofnanirnar. Farið er reglulega í slíkar heimsóknir og skýrslurnar
eru afar gagnlegar við pólitíska og fjárhagslega forgangsröðun og endur-
skoðun. Í ljósi þessa taldi forsætisnefndin að eftirlitsnefndin uppfyllti
nægjanlega fyrsta tillöguliðinn.

Forsætisnefndin telur einnig að komið sé nægilega til móts við annan lið
tillögunnar með ítarlegri matsskýrslu ráðgjafa frá árinu 2015: „Áhrif
norræna verkefna“. Eftirlitsnefndin vinnur áfram að því að fylgja
ábendingum skýrslunnar eftir.

Forsætisnefndin telur að skrifstofan eigi að bregðast við þriðja tillögu-
liðnum um að taka mið af dreifræðisreglunni í norrænu samstarfi. Vísar
hún í leiðbeiningar um meðferð þingmannatillagna.

Með hliðsjón af framangreindu telur forsætisnefndin, eins og talsmenn
flokkahópanna um fjárhagsáætlun lögðu til, ekki ástæðu til að vinna áfram
að tillögunni.

Ósló, 19. apríl 2016

Carl Haglund (sv)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

*Henrik Dam Kristensen (S) **forseti***

Höskuldur Þórhallsson (F)

Michael Tetzschner (H)

*Mikkel Dencker (DF) **varaforseti***

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Penilla Gunther (KD)

Phia Andersson (S)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)

Norðurlandaráð

A 1654/presidiet

Afgreiðsla:

Forsætisnefnd

Málsnúmer:1550020399